

## 57. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 05.11 2013, kl. 13.30

---

Mætt til fundar: Anna Jóna Ármarsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Lárus Heiðarsson og Gunnþórunn Ingólfssdóttir. Þorvarður Ingimarsson mætir síðar í dag.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

### Dagskrá:

1. Skýrsla oddvita
2. Fjallaskarð
3. Óbyggðasafn Íslands
4. Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030
5. Skólaskrifstofa Austurlands, aðalfundarboð og fjárhagsáætlun 2014
6. Héraðsskjalasafn Austfirðinga, aðalfundarboð og fjárhagsáætlun 2014
7. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2014, fyrri umræða
  - a) Fjárhagsáætlun Hallormsstaðaskóla 2014
  - b) Fjárhagsáætlun HAUST 2014
  - c) Fjárhagsáætlun Brunavarna á Austurlandi 2014
  - d) Fjárhagsáætlun Dvalarheimilisins 2014
  - e) Fjárhagsáætlun Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs
8. Bréf
  - a) Sýslumaðurinn á Seyðisfirði dags. 01.10 og 15.10
  - b) Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 23.10
  - c) Gróðrarstöðin Barri ehf dags. 24.10
9. Umhverfisstyrkir
  - a) Guðmundur Pétursson, Bessastaðagerði
  - b) Benedikt Jónasson, Þuríðarstöðum
  - c) Eiríkur og Matthildur, Arnheiðarstöðum
  - d) Jón Þór Þorvarðarson, Glúmsstöðum 1
  - e) Þorvarður og Sólveig, Eyrarlandi
10. Fjárbeiðnir
  - a) Stígamót
  - b) ÚÍA
  - c) Skáksamband Austurlands
  - d) Landsbyggðin lífi
11. Fundargerðir
  - a) HAUST 24.10
  - b) UpphéraðsKlasinn 16.10 og 30.10
  - c) ÆSA-klasinn 16.10
  - d) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 14.10
  - e) Minjasafn Austurlands 10.10
  - f) Dvalarheimili aldrarðra 07.10
  - g) Atvinnuþróunarsjóður Austurlands 08.10
  - h) Brunavarnir á Austurlandi 27.09
  - i) Félagsmálanefnd 30.09 og 28.10
  - j) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 30.09
  - k) Byggingarnefnd Fljótsdalshrepps 29.10
12. Önnur mál

## 1. Skýrsla oddvita

Oddviti sat Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, aðalfund Orkusveitarfélaga og aðalfund Jöfnunarsjóðs 03.-04 10. Einnig sat oddviti fund sem ráðherra umhverfis-og auðlindaráðuneytis boðaði til með sveitarfélögum sem land eiga að Vatnajökulsþjóðgarði 02.10, til umræðu var skýrsla starfshóps um stjórnarfyrikomulag Vatnajökulsþjóðgarðs. Allir fundirnir voru haldnir í Reykjavík.

Oddviti sat aðalfund HAUST sem haldinn var á Borgarfirði eystra 09.10. Oddviti, Anna Jóna og Lárus mættu til fundar við þingmenn kjördæmisins á Egilsstöðum 23. okt og ræddu þar ýmis hagsmunamál sveitarfélagsins o.fl. Þá var farið með sameiginleg erindi Borgarfjarðarhrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Fljótsdalshrepps á fund með fjárlaganefnd Alþingis. Fleiri fundir voru í október sem oddviti sat s.s. ferðaklasafundir, fundur um Reiðhöllina á Iðavöllum, fjarfundur um Framkvæmdasjóð ferðamanna og fundur Samgöngunefndar SSA með innanríkisráðherra.

Vinnufundur sveitarstjórnar og byggingarnefndar með fulltrúum Landmótunar, um aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030 var haldinn í Végarði 24. 10. Farið var yfir drög að greinagerð skipulagsins og gerðar leiðréttingar og lagfæringar. Ekki vannst tími til að fara gaumgæfilega yfir kort, né önnur fylgigögn skipulagsins.

23 íbúðarhús voru skoðuð í orkunýtingarverkefni, aðeins 6 hús stóðust viðmið góðrar orkunýtingar.

Fljótsdalshreppi er boðin þátttaka í verkefni Tanna Travel – Meet the Locals, á Austurlandi.

Leigusamningur Landsvirkjunar um afnot af Félagsheimilinu Végarði til sýningarhalds Kárahnjúkavirkjunar rennur út í árslok. Óljóst er hvort sýningarhald verður áfram og þá með hvaða hætti því verður sinnt.

Dagurinn 8. nóvember er að frumkvæði mennta-og menningarmálaráðherra og félags-og húsnæðisráðherra, helgaður baráttunni gegn einelti í samfélaginu.

Gögn sem liggja frammi til kynningar:

- Ársreikningur Skólaskrifstofu Austurlands 2012
- Ársreikningur HAUST 2012
- Fræðsluefni Landssamtaka hjólreiðamanna
- Fundargerðir og greinagerð starfshóps um hlutverk Make by Porpið og þátt skapandi greina innan Austurbrúar.

## 2. Fjallaskarð

Áform um samning við Highland Hostel um i leigu á Fjallaskarðsskála yfir sumartímann, gengu ekki upp, þar sem Highland Hostel vill einbeita sér að rekstri Laugarfellsskála a.m.k. að sinni. Oddviti kynnti drög að samningi Fljótsdalshrepps við Ferðaklúbbinn 4x4 Austurlandsdeild, um notkun, umsjón og eftirlit mannvirkja í Fjallaskarði og endurbætur tiltekinna mannvirkja. Lítilsháttar breytingar gerðar á samningsdrögunum, þau svo samþykkt og oddvita falið að skrifa undir samninginn.

## 3. Óbyggðasafn Íslands

Í erindi frá forsvarsmönnum Óbyggðasafnsins til Fljótsdalshrepps dags. 18. 10 2013, er gerð grein fyrir stöðu uppbyggingar safnsins eins og hún er haustið 2013. Eigendur

Óbyggðasafnsins óska jafnframt eftir að Fljótsdalshreppur geri við þau þriggja ára þjónustusamningi , á grunni þess að safnið skuldbindi sig til sinna ýmsu menningarstarfi og vinni jafnframt að því að auka aðdráttarafl Fljótsdalshrepps í því skyni að fjölga ferðamönnum og auka vitund almennings um sérstöðu svæðisins. Sveitarstjórn tekur jákvætt í að slíkur samningur verði gerður og samþykkir að í fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps fyrir árið 2014 verði áætlað fyrir 1,5 millj.kr. framlagi til safnsins. Jafnframt er óskað eftir að forsvarsmenn safnsins fundi með sveitarstjórn til að ræða gerð þjónustusamnings.

#### **4. Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030**

Dagskrárliðnum frestað til næsta fundar.

#### **5. Skólaskrifstofa Austurlands, aðalfundarboð og fjárhagsáætlun 2014**

Boðaður er aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands, í Fljótsdal 11.nóvember. Jóhann er tilnefndur sem aðalfulltrúi Fljótsdalshrepps og Gunnþórunn til vara. Fjárhagsáætlun Skólaskrifstofu fyrir árið 2014 er samþykkt af hálfu Fljótsdalshrepps.

*Þorvarður mætti til fundar kl 14:45*

#### **6. Héraðsskjalasafn Austfirðinga, aðalfundarboð og fjárhagsáætlun 2014**

Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga verður haldinn á Gistihúsinu Egilsstöðum, fimmtudaginn 21. nóvember kl. 14. Sigmar Ingason tilnefndur sem fulltrúi Fljótsdalshrepps og Gunnþórunn til vara. Fyrirvari er gerður um samþykki Fljótsdalshrepps vegna fjárhagsáætlunar safnsins fyrir árið 2014, varðandi viðhalds og fjárfestingarliði.

#### **7. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2014, fyrri umræða**

Sveitarstjórn samþykkir að útsvarshlutfall árið 2014 verði 13,20%

Sveitastjórn samþykkir álagningarprósentu fasteignaskatts 2014 , A- 0,40% B- 1,32% C- 1,65 %

Sveitarstjórn samþykkir að í gildi verði óbreyttar reglur um afslátt fasteignaskatts og gjalddagaregla óbreytt, en lámámarks fjárhæð eingreiðslu fasteignagjalda hækki úr kr. 15.000,- í kr. 20.000,-.

Sveitarstjórn samþykkir að rotþróa-og sorphirðugjöld verði óbreytt árið 2014

Sveitarstjórn samþykkir að á árinu 2014 verði áfram í gildi, fyrri samþykkt um að Fljótsdalshreppur greiði leikskólagjöld fyrir börn úr sveitarfélaginu í leiksskólanum Skógarseli, Hallormsstað, þ.e. leikskólagjöld án fæðis-og foreldrafélagsgjalda.

Sveitarstjórn samþykkir að reglur um greiðslur frístundastyrki verði óbreyttar 2014, en hámarks niðurgreiðsla hækki úr kr. 10.000 ,- í kr. 12.500,-.

Sveitarstjórn samþykkir að reglur um greiðslur styrkja til námsmanna verði óbreyttar 2014, en styrkur fyrir hverja kennsluönn hækki úr kr. 80.000,- í kr. 85.000,-.

Sveitarstjórn samþykkir að óbreyttar reglur gildi um styrki til sauðfjárvótakaupa árið 2014.

Sveitarstjórn samþykkir að veita umhverfisstyrki á árinu 2014 . Á því ári verði sérstaklega horft til að styrkja verkefni er varða bættu orkunýtingu húsa. Sömu reglur um úthlutun verða áfram í gildi , en föst heimilisfesta þarf að hafa verið skráð samfleytt á viðkomandi lögbýli, að lámarki 12 undangengna mánuði þegar umsókn er tekin fyrir og heimilisfestan þarf einnig að vera til staðar þegar kemur að útgreiðslu styrksins.

Sveitarstjórn samþykkir að samningar við refaveiðimenn verði óbreyttir á árinu 2014, nema hvað varðar viðmið akstursgjalds sem tekur mið af ríkistaxta (sérstöku gjaldi) 01.01 2014

Sveitarstjórn samþykkir að launakjör sveitarstjórnar og nefnda taki breytingum hvað varðar launavísitöluhækkun miðað við 01.01 2014 og akstursexti 2014 fylgi almennu km. gjaldi (ríkistaxta) 01.01 2014. Viðmið fyrir verktakavinnu á vegum sveitarfélagsins verður 3.500,- kr. klst, (auk vsk þar sem það á við). Viðmið tímakaups 1.900,- kr.

Oddvita er falið að kynna samþykktar reglur fyrir íbúum í fréttabréfi og á heimasíðu sveitarfélagsins, þar sem það á við.

### *Jóhann fór af fundi kl. 17:00*

- a. Fjárhagsáætlun Hallormsstaðaskóla 2014  
Áætlunin samþykkt, hlutur Fljótsdalshrepps án innri leigu 40.031.000 kr.
- b. Fjárhagsáætlun HAUST 2014  
Áætlunin samþykkt, hlutur Fljótsdalshrepps 660.558 kr. Sveitarfélagið endurrúkkar fyrirtæki um eftirlitsgjöld.
- c. Fjárhagsáætlun Brunavarna á Austurlandi 2014  
Áætlun samþykkt, hlutur Fljótsdalshrepps liggur ekki fyrir fyrr en í desember.
- d. Fjárhagsáætlun Dvalarheimilisins 2014  
Áætlun samþykkt. Ekki er gert ráð fyrir framlögum aðildarsveitarfélaga til rekstursins. Áform eru uppi um kaup Dvalarheimilisins á 14 íbúðum í Hamragerði, Egilsstöðum.
- e. Fjárhagsáætlun Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs  
Áætlunin samþykkt, hlutur Fljótsdalshrepps er 1.375.943 kr.

Oddviti kynnti tillögu að fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2014. Tillagan yfirfarin, rædd og vísað til annarrar umræðu.

## **8. Bréf**

- a. Sýslumaðurinn á Seyðisfirði dags. 01.10 og 15.10.  
Embættið fer fram á afskrifa gjöld á grundvelli árangurslaus fjárnáms kr. 752.046 og 430.800 kr. Samþykkt.
- b. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 23.10.  
Varðar fjármál sveitarfélaga og óskir um upplýsingar. Kynnt.
- c. Gróðrarstöðin Barri ehf dags. 24.10.  
Upplýsingar um rekstur og hvatning um að leggja hlutafélaginu til aukið hlutafé.  
Kynnt.

## **9. Umhverfisstyrkir**

### *Anna Jóna vék af fundi*

- a. Guðmundur Pétursson, Bessastaðagerði. Samþykktur hámarksstyrkur.

### *Anna Jóna kom aftur til fundar*

- b. Benedikt Jónasson, Þuríðarstöðum. Samþykktur hámarksstyrkur.
- c. Eiríkur og Matthildur, Arnheiðarstöðum. Samþykktur hámarksstyrkur.
- d. Jón Þór Þorvarðarson, Glúmsstöðum 1. Samþykktur hámarksstyrkur.

### *Þorvarður vék á fundi*

- e. Þorvarður og Sólveig, Eyrarlandi. Samþykktur hámarksstyrkur.

*Þorvarður kom aftur til fundar*

#### **10. Fjárbeiðnir**

- a. Stígamót. Hafnað.
- b. ÚÍA. Samþykkt beiðni um framlag á árinu 2014, 200 kr. á íbúa.
- c. Skáksamband Austurlands. Samþykktur styrkur kr 10.000,- vegna árlegrar firmakeppni í skák.
- d. Landsbyggðin lifi. Hafnað.

#### **11. Fundargerðir**

- a. HAUST 24.10. Kynnt
- b. UpphéraðsKlasinn 16.10 og 30.10. Kynnt.
- c. ÆSA-klasinn 16.10. Kynnt.
- d. Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 14.10. Kynnt.
- e. Minjasafn Austurlands 10.10. Kynnt.
- f. Dvalarheimili aldraðra 07.10. Kynnt.
- g. Atvinnuþróunarsjóður Austurlands 08.10. Kynnt.
- h. Brunavarnir á Austurlandi 27.09. Kynnt.
- i. Félagsmálanefnd 30.09 og 28.10. Kynnt.
- j. Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 30.09. Kynnt.
- k. Byggingarnefnd Fljótshrepps 29.10. Fundargerð staðfest.

#### **12. Önnur mál**

- a. Samþykkt að sveitarfélagið greiði reikning vegna smölunar á Sultarrana og Villingadal 20. október, að upphæð kr. 45.000 kr.
- b. Baldvin hjá Hitamyndum færði sveitarfélaginu mynddiska og myndabók um Færeyjar og eru færðar bestu þakkir fyrir.
- c. Verkefnastjóri hjá Austurbrú hefur óskað eftir samþykki þess, að Fljótshreppur verði nefndur sem samstarfsaðili í umsókn til Vaxtarsamnings, varðandi eflingu Egilsstaðaflugvallar sem alþjóðaflugvallar. Engar skuldbindingar eða kvaðir fylgja því samþykki. Samþykkt af hálfu sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.45

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnmarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)